



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).*

Forsaga:

Fjallað var um notendastýrða persónulega aðstoð á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019 og farið yfir stöðu mála í Reykjavík, sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði. Velferðarráð lagði fram eftirfarandi bókun vegna málsins:

Velferðarráð Reykjavíkurborgar áréttar að lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eru réttindalöggjöf og telur ráðið óboðlegt að innleiða lög með þeim hætti að ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun sé falin sveitarfélögum án þess að þeim sé tryggð fjármögnun til samræmis. Auk þess er óásættanlegt að enn ríki óvissa um fjárframlög ríkisins til verkefnisins á árinu 2020. Velferðarráð óskar eftir skýrum svörum frá félagsmálaráðuneytinu um hvernig innleiðingu löggjafarinnar verður háttáð af hendi ríkisins. Velferðarráð lýsir jafnframt furðu sinni á þessum vinnubrögðum og kallar eftir skýrari aðkomu ríkisins að verkefninu ásamt svörum um það hvernig innleiðingunni verður háttáð næstu fjögur ár. Ljóst er að þörf er á mun ítarlegra samráði og samvinnu við sveitarfélögin við innleiðingu laganna en raunin er.

Staða Notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar hjá Reykjavíkurborg í dag:


NPA þjónusta er ein mesta réttarbót sem komið hefur fram fyrir fatlað fólk og þeir einstaklingar sem eru með þjónustu í formi NPA eiga það sammerkt að upplifa miklar og jákvæðar breytingar á lífi sínu. Bæði notendur og starfsmenn hafa ítrekað lýst því hversu mikil aukning á lífsgæðum þetta þjónustuform felur í sér en jafnframt komið með ábendingar um að einfalda þurfi allt ferlið í kringum samningana og bæta upplýsingagjöf. Brýnt er að skýra verklag vegna ýmissa atriða við framkvæmd NPA og huga að atriðum sem þarf að bæta í verklagi til að tryggja réttindi fatlaðs fólks og góða þjónustu.

Í Reykjavík eru 23 einstaklingar með þjónustu í formi NPA. Þá eiga 25 einstaklingar

fullunna umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist. Miðað við fjárheimildir velferðarsviðs er ekki unnt að gera fleiri samninga á árinu 2020 nema einhver hætti með þjónustu í formi NPA. Þá er ekki tryggt að mótframlag komi frá ríkinu ef gerðir verða fleiri samningar.

Nettó kostnaður við þá 23 samninga sem nú eru í gildi verða um 600 m.kr. á árinu 2020. Gjöld verða um 800 m.kr. og áætlaður hlutur ríkisins um 200 m.kr. Meðalkostnaður fyrir hvern og einn NPA samning er því um 25 m.kr. á ári (25% mótframlag ríkisins talið með).

Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar við að gera samning um NPA við þá 25 notendur sem eru á bið er 625 m.kr. á ári.



Velferðarsvið vinnur að undirbúningi að því að gera úttekt á framkvæmd NPA hjá Reykjavíkurborg.

Vinnuhópur sem á að rýna framkvæmd NPA og fylgja eftir málum við félagsmálaráðuneytið hóf störf í byrjun árs. Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum frá félagsmálaráðuneytinu, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sambandi íslenskra sveitarfélaga. Á þeim fundum hefur komið fram af hálfu fulltrúa félagsmálaráðuneytisins að gert er ráð fyrir því að unnt verði að greiða mótframlag vegna núgildandi samninga en ekki sé gert ráð fyrir því að greitt verði mótframlag frá ríkinu með fleiri samningum á árinu. Þetta skýrist meðal annars af því að samningarnir eru dýrari en gert var ráð fyrir vegna kjarasamningshækkana og ákvæða í reglugerð um NPA sem kalla á aukin útgjöld. Það er álit vinnuhópsins að margt þurfi að gera skýrara í reglugerð um NPA, svo sem að setja auknar kröfur hvað varðar starfsleyfi, skýra ábyrgð annarra þjónustukerfa, vinna með útfærslu umsýslukostnaðar ofl.

Vinna er hafin í félagsmálaráðuneytinu varðandi breytingar á reglugerð um NPA og verður sú vinna kynnt á næsta fundi vinnuhópsins. Stefnt er að því að tillögur að breytingum að reglugerð um NPA fari í samráðsferli fyrri hluta árs.

Þegar breytingar á reglugerð um NPA liggja fyrir er ljóst að gera þarf breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð. Til umræðu hefur komið í vinnuhópnum að leggja til samræmdar reglur sveitarfélaga um NPA. Vinnuhópurinn er nú að fara yfir reglur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og taka saman í hvaða þáttum þær eru ekki samhljóma. Bakhópur stjórnenda þjónustu við fatlað fólk hjá sveitarfélögum hefur verið endurvakinn til þess að skapa vettvang fyrir samskipti milli svæða um framþróun þjónustunnar. Ætlunin er að stuðla að greiðum skoðanaskiptum og gagnkvæmri upplýsingamiðlun á milli svæða. Á fundi bakhópsins 28. janúar 2020 var farið yfir rök með og á móti því að gerð og framkvæmd NPA samninga væri á hendi sveitarfélaga, meðal annars sjónarmið um samþættingu þjónustu og að notendum sé tryggð samfella þegar farið er á milli þjónustuaðila. Ítrekað var hve mikilvægt sé að heilbrigðiskerfið og önnur þjónustukerfi komi að NPA samningum. Skiptar skoðanir eru um málið en samdóma álit er að skýra þarf fjárhagsleg samskipti og draga úr óhóflegu flækjustigi við gerð og framkvæmd NPA samninga.

Vegna Covid-19 hafa ráðgjafar velferðarsviðs verið í sambandi við þá sem eru með NPA samninga, tekið stöðuna og tryggt að allir séu meðvitaðir um leiðbeiningar til notenda NPA og aðstoðarfólks sem gefnar voru út af Embætti landlæknis, félagsmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna Covid-19. Þá setti velferðarsvið einnig upp bakvakt fyrir þá sem eru sjálfir með umsýslu með sínum samningum til að tryggja að þeir gætu leitað eftir aðstoð allan sólarhringinn. Þá hefur verið samvinna við NPA miðstöðina vegna Covid-19.

Í byrjun apríl skoraði stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar á ríkisstjórnina að fjölga NPA samningum. Í greinargerð þeirra með áskoruninni segir:

Með lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir var notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) tekin í lög sem aðferð við þjónustu við fatlað fólk. Fyrir fatlað fólk sem vill nýta sér NPA og hefur miklar þjónustuþarfir auka samningar um NPA mjög mikið tækifæri þess til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu og til að njóta margra annarra mikilsverðra mannréttinda.

Í lögum um þjónustu við fatlað fólk segir að ríkið muni leggja fé til tiltekens fjölda NPA-samninga og fjölga þeim samningum samkvæmt lögnum á milli ára og eiga þeir að verða 172 á árinu 2022. Eftir það fellur ákvæðið um tiltekinn fjölda samninga niður.

Allt bendir til að atvinnuástand verði erfitt á Íslandi á næstu misserum og jafnvel árum. Stjórnvöld hafa því ákveðið að ráðast í ýmsar framkvæmdir nú og á næstunni til að skapa atvinnu.

Með vísan til þess sem að framan segir skora Landssamtökin Þroskahjálpar á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að fjölga megi þeim NPA-samningum sem ríkið leggur fé til þannig að þeir verði a.m.k. 172 á yfirstandandi ári. Með því yrði hraðað framkvæmd laga um aðgang fatlaðs fólks að til NPA-samningum og því tryggð mikilsverð tækifæri til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu. Með því yrðu einnig til störf við að aðstoða þá sem hafa NPA-samninga fyrir fólk sem ella væri atvinnulaust eða í skertum störfum og fengi því atvinnuleysisbætur eða hlutalaun frá ríkinu.

Mikilvægt er að réttindi fatlaðs fólks séu virt í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þeim umbótum sem felast í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sé komið í framkvæmd.

Skýra þarf fjármögnun og umgjörð þjónustunnar til þess að svo geti orðið. Mikilvægt er að vanda vel til verka og að allir aðilar sveitarfélög, ríkisvaldið og notendur þjónustunnar taki höndum saman um þær breytingar sem þarf að gera svo notendastýrð persónuleg aðstoð verði raunverulegur valkostur fyrir fatlað fólk.

Fylgiskjal

Minnisblað um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), frá 366. fundi velferðarráðs 4. desember 2019.